



Stúdentaráðsfundur

27. fundur

17. október 2013 í Norðurborg

Fundaritari: Aníta Einarsdóttir

Fundur settur: 09:03

Mættir: Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Birgir Marteinson, Jenný Þorsteinsdóttir, Þórhildur Edda Eiríksdóttir, Elín Friðriksdóttir og Hildur Helgadóttir.

1. mál til kynningar

Minnst var á fyrirtækjadaginn sem er á eftir í hádeginu, milli kl. 11 og 13:30. Fulltrúar undirfélaganna eru hvattir til að mæta, sýna lit og hjálpa til í pylsuvagninum.

2. Stofnfundur LÍS 2.-3.nóv

a. Fundarboð og fyrirkomulag helgarinnar

Farið var yfir fundarboðin sem fulltrúar fengu sent. Ítrekaðar allar dagsetningar sem þarf að hafa í huga fram að fundi. Helstu dagsetningar eru 19. október, þegar skila þarf lagabreytingatillögum, 26. október þegar er undirbúningsfundur fyrir stofnfundinn, Anna Marsý og vonandi fleiri fulltrúar stúdentafélaga mæta, til að hjálpa til við undirbúning fundarins. Formenn undirfélaganna eru hvattir til að mæta, til að kynna sér þetta betur og taka þátt í skipulagningu og undirbúningi. Málþing verður á föstudeginum sem snýst um ráðningarhæfni og atvinnumöguleika stúdenta. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, Guðrún Geirsdóttir, Bolognafræðingur og Gunnar H. verða með erindi á málþinginu. Þetta verður fyrir hádegi og rétt yfir kannski og svo kemur aðili frá ESU sem talar um tryggingu gæða innan háskóla og mikilvægi þess, ásamt því að kynna hvernig starf ESU er háttað og hvernig ESU styður við stykingu gæði háskóla.

Einnig koma aðila frá öðrum norðurlöndum til að miðla reynslu sína af stofnun samtaka á við LÍS og fylgjast með stofnuninni og taka þátt í henni.

Framboðsfrestur til formanns LÍS rennur út 26. Október. Öllum er að sjálfsgöðu frjálst að bjóða sig fram, sem eru í stúdentafélagi og mega fulltrúar stúdentaráðs FSHA endilega leggja sig fram í að kynna þetta starf og hvetja einhvern efnilegan til að bjóða sig fram.



Aníta sendir póst á stúdentaráð til að minna á allar mikilvægar dagsetningar.

b. Lög félagsins, tillögur til lagabreytinga

Engar breytingatillögur komu fram, nema frá framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin kynnti sínar tillögur. Allar tillögur voru samþykktar, með smá breytingu á b-lið 2. mgr. 7. gr. til að gera hana skiljanlegri. Breytingar sem samþykktar voru að senda inn fylgja með fundargerðinni.

c. Tilnefning FSHA á einstaklingi í framkvæmdastjórn LÍS

FSHA þarf að skipa tvo fulltrúa í framkvæmdastjórn LÍS og skila því inn fyrir hádegi 30. október, til formanns undirbúningshóps LÍS. Einn þarf að skipa til hálfes árs og annan til eins og hálfes árs. Fulltrúar í stúdentaráði fara á fullt að leita að áhugasömum einstaklingum í þetta.

d. Fulltrúar FSHA á stofnfundi LÍS

Allir fulltrúar í stúdentaráði eru hvattir til að mæta á fundinn sem fer fram 2.-3. nóvember og eins á málþingið á undan. Þar geta allir kynst starfinu betur og vita hvað það er sem verið er að stofna og vitað hvernig það virkar.

3. Fjárhagsstaða, mál frá 25.fundi.

Hafdís fór yfir fjárhagsáætlun, með því sem búið var að samþykka, því sem búið er að eyða og svo þeirri tillögu sem hún gerði að nýrri áætlun.

Þar kom fram að núverandi stúdentaráð er að greiða niður ýmislegt frá fyrra stúdentaráði, t.d. fyrir laun og launatengd gjöld og árshátíð, og því er fjárhagsáætlun töluvert hærrí en hún væri annars. En í heildina er FSHA enn innan starfsáætlunar og fjármál líta vel út í félaginu.

Farið verður betur yfir hvern lið fyrir sig þegar betri tími gefst.

4. Önnur mál.

a. skipa fulltrúa í hóp tengdan úttektinni

Sigrún Magnúsdóttir og Sigrún Lóa Kristjánsdóttir voru boðaðar á fundinn og kynntu þær úttektina sem HA er að fara í gegnum. Þær töluðu um stýrihópinn og aðra starfshópa sem mikilvægt er að FSHA skipar fulltrúa í.

Afar mikilvægt er að nemendur taki þátt í þessum undirbúningi og er þetta einmitt vettvangurinn til að láta í sér heyra, t.d. til að reyna að bæta námið enn frekar ef áhugi er fyrir því.

FSHA þarf að tilnefna 6 nemendur í hópana. Þar af 1 fjarnema í „study-case“ hóp, Hildur tekur að sér að finna þennan fjarnema. (Þessi nemandi er að fara að sitja fundi, hugsanlega fjarfundu, og fara yfir gögn og fleira sem nota þarf til að skirfa úttektarskýrslu). Það þarf að senda nöfn þessara fulltrúa fyrir mánudag.

Mikilvægt er að þetta séu fulltrúar nemenda sem hafa áhuga á þessum málum til að þeir séu fljótir að setja sig inn í málin, eða er þegar inni í málunum.

Framkvæmdastjórn sendir út póst eftir fundinn til að minna á þetta og útskýra betur.



b. HA dagurinn 8. nóvember 2013

Fulltrúar stúdentaráðs þurfa að vera viðstaddir á þessum degi og þarf að finna nemendur frá hverri deild til að kynna námið.

c. Stóri háskóladagurinn 1. mars 2014

Er undir Háskólatorgi í HÍ. Þetta er árshátíðardagur FSHA en það verður að finna fulltrúa nemenda til að sinna þessu og fara suður, frítt með flugi fram og til baka. Getur farið um morgunin og komið aftur seinnipartinn.

Samantekt: Farið var yfir lagabreytingatillögur og samþykkt að FSHA leggji þær fram á stofnfundi LÍS. Framkvæmdastjórn sendir út póst eftir fundinn með helstu dagsetningum sem muna þarf í sambandi við stofnfundinn. Finna þarf 6 fulltrúa fyrir mánudag í starfshópa sem vinna í sambandi við úttektina. Farið yfir fjárhagsáætlun, FSHA er vel statt.

Fundi slitið klukkan 10:28



Undirskrift fundargesta

Leifur Guðni Grétarsson

Formaður FSHA

Aníta Einarsdóttir

Varaformaður FSHA

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

Fjármálastjóri FSHA

Elín Friðriksdóttir

Formaður Eirar

Hildur Helgadóttir

Formaður Reka

Þórhildur Edda Eiríksdóttir

Forseti Stafnbúa

Jenný Þorsteinsdóttir

Formaður Magister

Birgir Marteinson

Formaður Þemis